

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 137/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/295 frá 24. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samræmingu skilyrða sem gera eftirlitsstarfsemi mögulega ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/301 frá 23. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og tímamörk frumtilkynningar, og áfanga- og lokaskýrslu, um alvarleg atvik sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni og inntak valfrjálsrar tilkynningar um verulegar netógnir ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31qc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1774) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31qg. **32025 R 0295**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/295 frá 24. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samræmingu skilyrða sem gera eftirlitsstarfsemi mögulega (Stjtið. ESB L, 2025/295, 13.2.2025).

31qh. **32025 R 0301**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/301 frá 23. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og tímamörk frumtilkynningar, og

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/295, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/295/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/301, 20.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/301/oj

áfanga- og lokaskýrslu, um alvarleg atvik sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni og inntak valfrjálsrar tilkynningar um verulegar netógnir (Stjtið. ESB L, 2025/301, 20.2.2025).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2025/295 og (ESB) 2025/301, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2025 frá 20. febrúar 2025 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(³) Stjtið. ESB L, 2025/770, 8.5.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/770/oj>